

Bréfamaráðon Amnesty á Kópaskeri



Bréfamaráðon Amnesty International árið 2016 verður haldið í

Skerjakollu – Búðinni á Skerinu
föstudagana 9. og 16. desember,
frá 14:00 – 19:00.

Fólki gefst kostur á að skrifa undir tilbúin aðgerðakort sem varða tólf

einstaklinga og hópa sem sætt hafa grófum mannréttindabrotum víða um heim og þrýsta á stjórnvöld í viðkomandi landi að gera úrbætur.

Bréfaskrifin bera árangur því á hverju ári eiga sér stað raunverulegar breytingar á lífi þolenda mannréttindabrota. Fólk sem er ranglega fangelsað er leyst úr haldi. Pyndarar eru látnir svara til saka og fólk í fangelsum fær mannúðlegri meðferð.

Það kann að vera auðvelt fyrir stjórnvöld að hunsa eitt bréf en þegar milljónir slíkra bréfa berast er erfitt að líta undan.

Bréfin bera árangur. Bréfin bjarga lífi.

Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.

Sendið línu á skeglan@simnet.is ef þið viljið vera á póstlistanum.

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 14. desember 2016.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
48. töl. 7. árg. Miðvikudagur 7. desember 2016

Velferðarsjóðurinn Von

Velferðarsjóðurinn Von styrkir fyrir jólin fjölskyldur og einstaklinga í Norður-Þingeyjarsýslu, sem eiga í erfiðleikum með að ná endum saman.

Stjórn sjóðsins skipa einstaklingar frá Heilsugæslunni, RKÍ og kirkjunni, sem nú um stundir eru Ragnhildur Þorgeirsdóttir, Raufarhöfn, Guðrún Margrét Einarsdóttir, Húsavík og Jón Ármann Gíslason, Skinnastað.

Hægt er að sækja um aðstoð með því að hafa samband við einhvern úr stjórn eða senda tölvupóst á skinnast@gmail.com. Algjör trúnaður. Umsóknarfrestur fyrir jól er til 16. desember.

Þá eru framlög til sjóðsins vel þegin. Leggja má inn á eftirfarandi reikning: 0192-26-30411, kt: 590269-6119

Með kveðju og ósk um gleðileg jól,

Sjóðsstjórn

Aðventuhátíð í Svalbarðskirkju

Aðventuhátíð í Svalbarðskirkju fimmtudaginn 8. desember kl. 19:30.
Kirkjukór Langanesprestakalls syngur undir stjórn kórstjóra Ragnars Jóns Grétarssonar. Jóhannes Sigfússon flytur hugleiðingu.
Gert er ráð fyrir þátttöku fermingarbarna á hátíðinni.
Boðið er upp á léttar veitingar í Svalbarðsskóla að athöfn lokinni.
Njótum samverunnar í kirkjunni í upphafi jólaföstu.
Brynhildur Óladóttir, sóknarprestur.

Jólamarkaður Vaglaskógi

laugardaginn 10. desember kl. 13 – 17
Í starfstöð Skógræktarinnar á Vöglum selur handverksfólk úr
Þingeyjarsveit og nágrenni fjölbreyttan varning
– Jólatri, greinar, arinviður o.fl. til sölu.

- Nemendur Stórutjarnaskóla safna í ferðasjóð með kaffisölu –

- Velkomin í skógin!



Aðvenjuhátíð í Þórshafnarkirkju

Sunnudaginn 11. desember kl. 17:00 verður haldin aðventuhátíð í
Þórshafnarkirkju.
Kirkjukór Langanesprestakalls syngur undir stjórn kórstjóra Ragnars Jóns Grétarssonar.
Ásdís Hr. Viðarsdóttir, skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn flytur
hugleiðingu. Gert er ráð fyrir þátttöku fermingarbarna á hátíðinni.
Njótum samverunnar í kirkjunni á 3. sunnudegi í jólaföstu.
Verið velkomin í Þórshafnarkirkju.
Brynhildur Óladóttir, sóknarprestur



Jólatréssala í Ásbyrgi 2016

Föstudaginn 16. desember og laugardaginn 17. desember

Líkt og fyrri ár gefst fólki tækifæri á að höggva sitt eigið jólatré (rauðgreni)
úr skóginum við Eyjuna í Ásbyrgi. Óvíst er með færð á Ásbyrgisvegi og því
ráðlagt að leita upplýsinga í Gljúfrastofu áður en ekið er inn úr.

17. desember verða eftirfarandi aðilar með vörur til sölu í Gljúfrastofu:

- Brynjar á Gilhaga verður með tréútskurð
- Gugga í Lóni verður með Sælusápur
- Jenny í Garði verður með handverk
- Krístrún Ýr á Húsavík verður með handunnar skreytingar
- Nemendur úr Öxarfjarðarskóla verða með ýmsar vörur

Gljúfrastofa verður opin báða daga kl. 10:00 – 16:00

Verð á jólatré: 5.000 kr.

Með jólakveðju, starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðs